



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Tálknafjarðarhrepps.

1.gr Um starfskjör

Samþykkt þessi byggir á *Samþykktum um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps*. Samþykktin fjallar um þóknun fyrir störf sveitarstjórnarmanna og nær einnig til starfa þeirra fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórn í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins.

2.gr Markmið

Markmið með ákvörðun um kjör fulltrúa er:

- Að fulltrúar fái sanngjörn laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins.
- Að fulltrúar sveitarfélagsins njóti kjara sem eru sambærileg við það sem gerist á hinum almenna vinnumarkaði, sambærilegum sveitarfélögum og ríkinu.
- Að kjör fulltrúa séu gagnsæ og endurspegli störf þeirra og ábyrgð.

3.gr Skilgreiningar

Sveitarstjórnarfulltrúar eru fimm og kjörnir í almennum sveitarstjórnarkosningum. Nefndum sveitarfélagsins er skipt niður í eftirfarandi flokka :

- A. Sveitarstjórn
- B. Fastanefndir
- C. Aðrar nefndir, stjórnir og ráð
- D. Sérskipaðar nefndir sveitarstjórnar og fundasetur sem falla ekki undir liði A-C.

Almenn skilgreining á fundi er sú að til hans sé boðað með dagskrá og um hann sé rituð fundargerð.

4.gr Grunnlaun sveitarstjórnarfulltrúa

Sveitarstjórnarfulltrúar þiggja föst laun fyrir störf sín fyrir sveitarfélagið sem nemur 5% af 60% af þingfararkaupi, eins og það er hverju sinni. Þessar greiðslur ná til vinnu vegna sveitarstjórnarmála almennt. Oddviti fær laun sem nemur 10% af 60% þingfararkaupi.



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



5.gr Fundarseta

Fulltrúar í sveitarstjórn fá greitt sérstaklega fyrir hvern setinn fund í sveitarstjórn sem nemur 3% af 60% af þingfararkaupi. Varafulltrúar sem taka sæti aðalfulltrúar í sveitarstjórn fá greitt sem nemur 3% af 60% af þingfararkaupi fyrir hvern heilan setinn fund. Varafulltrúi sem tekur sæti á fundi undir afgreiðslu einstaka mála fær greitt sem nemur 1,5% af 60% af þingfararkaupi fyrir fundinn óháð fjölda þeirra mála sem hann tekur þátt í á fundinum.

6.gr Starfsaðstaða sveitarstjórnarfulltrúa

Sveitarstjórnarfulltrúar fá sameiginlega skrifstofuaðstöðu á skrifstofu sveitarfélagsins með aðgangi að tölvu, síma og prentun. Skrifstofan annast skrifstofuþjónustu fyrir sveitarstjórnarfulltrúa svo sem gagnaöflun, símaörslu, ritvinnslu og undirbúning funda.

7.gr Laun í orlofi

Sveitarstjórnarfulltrúar skulu fá greidd grunnlaun á meðan sumarleyfi sveitarstjórnar stendur.

8.gr Lífeyrisréttindi og tryggingar

Tálknafjarðarhreppur heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af launum sveitarstjórnarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Greitt er iðgjald í lífeyrissjóð og er mótframlag sveitarfélagsins samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Sveitarstjórnarfulltrúar eru tryggðir gegn slysum í starfi skv. heildartryggingarsamningi sveitarfélagsins.

9.gr Laun í veikinda- og slysaförllum

Sé sveitarstjórnarfulltrúi forfallaður frá störfum vegna slyss eða veikinda heldur hann grunnlaunum sínum í allt að 6 mánuði. Allar greiðslur falla niður við lok kjörtímabils, ef sveitarstjórnarfulltrúi missir kjörgengi eða lætur af störfum af öðrum ástæðum.



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



10.gr

Þóknun fyrir setu í fastanefndum, skv. 3.gr. B og C- lið

Fyrir hvern setinn fund fá aðalmenn í fastanefndum greidda þóknun sem nemur 2% af 60% af þingfararkaupi og formenn nefnda 3% af 60% af þingfararkaup. Varamenn í fastanefndum fá greidda þóknun sem nemur 2% af 60% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund.

Fastar nefndir sveitarfélagsins eru:

- Atvinnu- og Hafnarnefnd
- Velferðarnefnd
- Fjallskilanefnd
- Fræðslunefnd
- Íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd.
- Umhverfis- og byggingarnefnd
- Skipulagsnefnd
- Kjörstjórn

Starfsfólk sveitarfélagsins fær ekki greidda sérstaka þóknun fyrir setu á nefndarfundum nema viðkomandi sitji fund sem kjörinn fulltrúi.

11.gr

Þóknun vegna starfa í sérstökum nefndum er vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum og vegna sérstakra funda, skv. 3.gr D- liður

Fyrir störf í sérstökum nefndum sem sveitarfélagið skipar til tímabundinna starfa fá fulltrúar greitt sem nemur 1% af 60% af þingfararkaupi fyrir hvern fund, en formenn þeirra fá greitt 1,5%.

12.gr

Þóknun vegna funda og ráðstefna utan sveitarfélags, skv. 3.gr D- liður

Þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins á ráðstefnum og fundum utan sveitarfélags sem sveitarstjórn ákveður að taka þátt í skal vera 2% af 60% af þingfararkaupi fyrir hvern dag að meðtöldum ferðatíma.

13.gr

Þóknun fyrir setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga, skv. 3.gr. D- liður.

Þóknun fyrir setu í nefndum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga er greidd af viðkomandi samtökum, nema um annað sé samið sérstaklega.



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



14.gr **Þóknun kjörstjórnar**

Fyrir setu í kjörstjórn er greitt skv. tímagjaldi fyrir unnar klukkustundir og skal miðað við kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samflot bæjarstarfsmanna, lfl. 125. Kjörstjórn fær greitt fyrir undirbúning, vinnu á kjördag og frágang að kosningum loknum. Formaður kjörstjórnar skal njóta 25% álags vegna starfa samkvæmt þessari grein.

15.gr **Álag vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga**

Leitast skal við að nefndir, ráð og stjórnir fundi ekki á frídögum og stórhátíðardögum. Í undantekningartilfellum getur komið fyrir að nefnd, ráð eða stjórn neyðist til að halda fund á sérstökum frídegi og skal þá greiddast álag skv. eftirfarandi:

- Sérstakir frídagar 33% álag á laun fyrir setinn fund
- Stórhátíðardagar 45% álag á laun fyrir setinn fund

16.gr **Um námskeið og þekkingarsókn**

Æskilegt er að kjörnir fulltrúa sækji sí- og endurmenntun er tengist störfum þeirra fyrir sveitarfélagið. Leita þarf samþykkis sveitarstjórnar vegna kostnaðar sveitarfélagsins sem hlýst af námskeiðssókn kjörinna fulltrúa, falli kostnaður utan fjárhagsáætlunar. Sækja skal um til sveitarstjórnar með góðum fyrirvara og samþykki liggja fyrir áður en til útgjaldanna er stofnað.

17.gr **Um orlof**

Orlof er ekki greitt á laun fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins.

18.gr **Um ferðir og gistingu**

Í ferðum á vegum sveitarfélagsins skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmasta máta hverju sinni, t.a.m. með því ferðast með bílaleigubílum, nýta ökutæki sveitarfélagsins eða samnýta ferðaskosti. Bókanir á bílaleigubílum og flugferðum skulu gerðar í gegnum skrifstofu sveitarfélagsins og með samþykki sveitarstjóra. Verði ekki hjá því komist að kjörnir fulltrúar ferðast til fundar utan sveitarfélagsins á eigin bíl skal akstur greiddur samkvæmt akstursdagbók sem staðfestist af sveitarstjóra.

Leitast skal við að sveitarfélagið sjái fulltrúum fyrir fæði og gistingu í ferðum og dagpeningar ekki greiddir. Dagpeningar skulu aðeins greiddir þegar fulltrúar þurfa að sjálfir að leggja út fyrir fæði og gistingu í ferðum á vegum sveitarfélagsins. Greitt er eftir ákvörðun ríkisskattstjóra á hverjum tíma.



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



Um ferðir erlendis gildir það sama og um ferðir innanlands, en fulltrúar skulu fá samþykki sveitarstjórnar fyrir öllum slíkum ferðum og útgjöldum fyrirfram.

19.gr Tilfallandi tímavinna

Í undantekningartilfellum getur komið til þess að fulltrúi sveitarfélagsins þurfi að takast á hendur aukin verkefni út yfir venjubundna vinnu í kringum fundi. Í þeim tilvikum skal gerð um það áætlun fyrirfram og hún borin undir sveitarstjórn.

20.gr Gildistaka og endurskoðun

Samþykkt þessi gildir frá 1. september 2022 og falla um leið úr gildi eldri reglur um kaup og kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum sveitarfélagsins.

Samþykktir þessar skal endurskoða af sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

*Samþykkt á 596. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps 23. ágúst 2022
Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri*